



PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING FSU VEGNA HEIMAVISTAR

Almennt

Heimavist FSu er rekin af Fjölbrautaskóla Suðurlands (hér eftir nefndur „skólinn“ eða „FSu“). FSu er umhugað um friðhelgi einkalífs og kappkostar að vernda persónuupplýsingar þínar. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu kemur fram hvernig við umgöngumst þær persónuupplýsingar sem við geymum um þig og hvaða réttindi þú átt varðandi upplýsingarnar.

Ábyrgðaraðili

Fjölbrautaskóli Suðurlands, kt. 491181-0289, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi, (hér eftir „FSu“), er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við starfsemi heimavistarinnar.

Hvaða upplýsingum er safnað?

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um einstakling sem gera mögulegt að persónugreina hann, beint eða óbeint. Skólinn safnar einkum eftirfarandi persónuupplýsingum um íbúa heimavistarinnar:

- Tengiliðaupplýsingar íbúa og eftir atvikum forráðamanna, nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer.
- Greiðsluupplýsingar þess aðila sem greiðir húsaleigu, nafn, kennitala, heimilisfang, póstfang, netfang og símanúmer.
- Greiðsluupplýsingar þess aðila sem fær endurgreiðslu á tryggingargjaldi skv. húsaleigusamningi, nafn, kennitala og númer bankareiknings.
- Upplýsingar um séróskir og/eða sérþarfir umsækjanda vegna umsókna um herbergi á heimavistinni.

Skólinn safnar jafnframt öðrum gögnum í tengslum við rekstur heimavistarinnar s.s. myndefni sem verður til við rafræna vöktun með öryggismyndavélum sem eru staðsettar á ákveðnum stöðum í og við húsakynni heimavistarinnar í öryggis- og eignavörsluskyni. Unnið er með myndefni sem verður til við vöktunina í samræmi við tilgang vöktunarinnar. Á myndefninu má sjá einstaklinga sem farið hafa um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

Í vissum tilvikum getur verið um söfnun skólans á persónuupplýsingum sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi persónuverndarlaga. Öll meðferð slíkra upplýsinga fer fram í samræmi við fyrirmæli laga um persónuvernd. Slíkar upplýsingar kunna að lúta að þáttum eins og kynþætti og þjóðernislegum uppruna, heilsu eða heilbrigðisástandi.

Hvernig safnar skólinn upplýsingum?

Tengiliðaupplýsingum frá þér og öðrum aðilum er safnað með útfyllingu eyðublaða, í gegnum síma, á vefsvæði, í gegnum tölvupóst, eða með öðrum hætti þar sem þú hefur m.a. veitt sjálfviljug/ur/t þessar upplýsingar. Jafnframt skráir og geymir skólinn greiðsluupplýsingar og útgefna reikninga sem eru nauðsynlegar vegna samningssambands þíns við skólann og til að



uppfylla skilyrði skatta- og bókhaldslaga. Húsnæði heimavistar FSu er vaktað með öryggismyndavélum í samræmi við sérstakar verklagsreglur skólans um rafræna vöktun, sbr. nánari umfjöllun hér síðar.

Tilgangur vinnslu skólans á persónuupplýsingum

Skólinn vinnur eingöngu persónuupplýsingar þínar að því marki sem lög heimila. Helstu tilvik eru eftirfarandi:

- Til að svara fyrirspurnum þínum og/eða bregðast við óskum þínum, t.d. til að tilkynna þér um viðburð, sbr. m.a. 2.-4. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
- Til að efna samning skólans við þig um veitingu ákveðinnar þjónustu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
- Til að gæta lögmætra hagsmuna skólans, hins skráða eða annars aðila, t.d. af öryggis og eignavörslu, svo sem í tilviki þjófnaðar, skemmdarverka eða slyss, sbr. m.a. 3., 4. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
- Myndefni sem skólinn birtir á heimasíðu sinni eða á samfélagsmiðlum er aðeins birt ef fyrir liggur upplýst samþykki frá viðkomandi íbúa og eftir atvikum forráðamanni eða öðrum ef við á, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
- Skólinn þarf í vissum tilvikum að afla ákveðinna persónuupplýsinga vegna lagaskyldu, t.d. vegna barnaverndar, sbr. m.a. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Rafræn vöktun

Öryggismyndavélar eru við inngang heimavistar FSu og í almennum rýmum: anddyri, á göngum, eldhúsi og setustofu, alls þrjár vélar.

Öryggismyndavélar eru mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi heimavistarinnar. Reynslan sýnir að öryggismyndavélar hafa talsverðan fælingarmátt og geta verið ómetanlegar við að upplýsa þjófnaði, skemmdarverk og óæskilega hegðun milli einstaklinga. Þær eru hluti af þeirri viðleitni að verja eignir heimavistar, íbúa og starfsmanna og stuðla að öryggi á heimavistinni almennt.

Íbúar og aðrir sem á heimavistina koma eru upplýstir um öryggismyndavélarnar með merkingum um að rafræn vöktun fari fram. Vöktunin er jafnframt kynnt sérstaklega fyrir þeim hópi fólks sem að jafnaði fer um hið vaktaða svæði með sérstakri fræðslu í upphafi hverrar annar. Hægt er að hafa samband við skólameistara eða vaktmann heimavistar varðandi rafræna vöktun, hafa samband við persónuverndarfulltrúa skólans í gegnum netfangið personuvernd@fsu.is eða leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd í gegnum vefsíðu stofnunarinnar.

Miðlun til þriðju aðila

Í samræmi við þann tilgang sem lýst er hér að ofan um söfnun og vinnslu persónuupplýsinga, kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um þig til þriðju aðila. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða vinnsluaðilar eftir atvikum. Skólinn miðlar persónuupplýsingum einungis upp að því marki sem nauðsynlegt er og heimilar skólinn ekki þriðju aðilum not þeirra nema að slíkt samræmist tilgangi söfnunar og vinnslu upplýsinganna.

Myndefnið sem verður til við rafræna vöktun á heimavist er vistað á sérstökum netþjóni og er aðgengilegt vinnsluaðilanum, Samsteypunni ehf., Sigrúni 2, 800 Selfossi, sem er eigandi húsnæðis heimavistarinnar og hefur umsjón með framkvæmd vöktunarinnar.



Persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun á heimavist er einungis miðlað í eftirfarandi tilvikum:

- Hinn skráði samþykkir það og samþykkið uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 eða ákvörðun Persónuverndar um að heimila miðlun upplýsinganna liggur fyrir.
- Upplýsingarnar verða slys eða meintan refsiverðan verknað og eru afhentar lögreglu.
- Upplýsingarnar eru nauðsynlegar einum eða fleiri hinna skráðu til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, t.d. þegar tryggingafélag tekur afstöðu til bótaskyldu.

Sjá að öðru leyti 5. og 10. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

Flutningar til annarra landa

Skólinn flytur engar persónuupplýsingar til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Öryggi persónuupplýsinga

FSu viðhefur viðeigandi öryggisráðstafanir í því skyni að hindra að persónuupplýsingar þínar glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim án heimildar skv. persónuverndarlögum. Aðgangur að upplýsingunum er auk þess takmarkaður við þá aðila sem nauðsyn ber til og sem eru bundnir trúnaðarskuldbindingu. Myndefni sem safnað er með rafrænni vöktun er aðeins skoðað ef upp koma atvik sem verða tilgang vöktunarinnar og kemur það helst til greina vegna eignavörslu og/eða öryggis, s.s. þjófnaðar, skemmdarverka, árásar eða slyss og er þess þá gætt að ekki sé gengið lengra en brýna nauðsyn beri til, að friðhelgi einkalífs þeirra sem sæta vöktun sé virt og forðast sé alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Ef upp kemur öryggisbrestur sem hefur áhrif á öryggi persónuupplýsinga mun skólinn tilkynna slíkt til Persónuverndar og eftir atvikum til þín eftir því sem lög mæla fyrir um.

Teljir þú að samskipti þín við skólann eða persónuupplýsingar um þig á vegum skólans séu ekki öruggar, biðjum við þig um að láta okkur umsvifalaust vita með því að senda tilkynningu á netfangið personuvernd@fsu.is.

Hve lengi eru persónuupplýsingar geymdar?

Persónuupplýsingar eru aðeins geymdar svo lengi sem nauðsyn ber til í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Geymslutími slíkra persónuupplýsinga fer eftir eðli upplýsinganna og þeim lagareglum sem gilda um viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga, t.d. skatta- eða bókhaldslöggjafar. Í einstaka tilvikum kann einnig að vera nauðsynlegt að geyma gögn vegna lögmætra hagsmuna FSu eða annarra, t.d. vegna deilumála.

Myndefni sem safnast við rafræna vöktun heimavistar er eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það. Myndefnið er almennt geymt að hámarki í 30 daga og er því síðan eytt. Upplýsingarnar sem verða til við vöktunina eru ekki varðveittar lengur en í 30 daga nema lög heimili, t.d. ef það er nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna lögreglumáls eða dómsmáls. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efniinu eytt. Sjá að öðru leyti 2. mgr. 5. gr. og 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.



Réttur þinn

Þér eru veitt ákveðin réttindi samkvæmt persónuverndarlögum og regluverki á þeim byggðum í tengslum við vinnslu skólans á persónuupplýsingum sem varða þig. Ef þú óskar frekari leiðbeininga um þau réttindi þín þá getur þú haft samband við skólann. Beiðni þinni verður svarað eins fljótt og auðið er (í flestum tilvikum innan eins mánaðar frá móttöku) nema um sé að ræða margar eða umfangsmiklar beiðnir. Skólinn kann að óska eftir viðbótarupplýsingum frá þér í tengslum við beiðni þína, t.d. vegna auðkenningar.

Réttur til aðgangs: Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum um þig og að fá afhent afrit upplýsinganna. Með þeim hætti getur þú fullvissað þig um að upplýsingarnar séu réttar og að vinnsla skólans á þeim sé í samræmi við lög. Þú átt rétt á að skoða myndefni þar sem þú sést. Einnig áttu rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra.

Réttur til leiðréttingar: Ef einhverjar upplýsingar um þig eru rangar eða ónákvæmar átt þú almennt rétt á að láta skólann leiðrétta þær.

Réttur til eyðingar: Í vissum tilvikum getur þú átt rétt á að skólinn eyði persónuupplýsingum sem geymdar eru um þig. Þetta á einkum við í þeim tilvikum þar sem upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar, ef þú hefur andmælt vinnslu upplýsinganna (sbr. hér að neðan), ef vinnslan reynist ólögmæt, eða ef vinnslan byggði á samþykki sem þú hefur síðar afturkallað. FSu áskilur sér þó rétt til að meta í hvert eitt sinn hvort skylt sé að eyða gögnum.

Réttur til að andmæla vinnslu: Ef þú telur að vinnsla brjóti gegn grundvallarréttindum þínum, getur þú andmælt vinnslunni. Ef þú andmælir, stöðvar skólinn vinnsluna nema áframhaldandi vinnsla verði byggð á ríkari lögmætum hagsmunum eða lagaskyldu.

Réttur til stöðvunar eða takmörkunar á vinnslu: Í eftirtöldum tilvikum átt þú rétt á að skólinn stöðvi eða takmarki vinnslu persónuupplýsinga:

- Ef þú véfengir að persónuupplýsingarnar séu réttar (þangað til skólinn getur staðfest að þær séu réttar).
- Vinnslan er ólögmæt, en þú vilt ekki að persónuupplýsingunum sé eytt.
- Skólinn þarf ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda fyrir vinnsluna en þú þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Þú hefur andmælt vinnslunni, sbr. að ofan. Í því tilviki stöðvar skólinn vinnsluna nema áframhaldandi vinnsla verði byggð t.d. á ríkari lögmætum hagsmunum eða lagaskyldu.
- Ef þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna. Í því tilviki stöðvar skólinn vinnslu þar ákvörðun er tekin um áframhaldandi vinnslu á öðrum grundvelli, t.d. með vísan til ríkari lögmætra hagsmuna eða lagaskyldu.

Réttur til að afturkalla samþykki: Í þeim tilvikum þar sem vinnsla byggir á samþykki þínu er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun þýðir þó ekki að vinnsla sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.



Tengiliður skólans og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú hefur spurningar, athugasemdir, eða kvartanir varðandi þessa persónuverndaryfirlýsingu eða meðferð FSu á persónuupplýsingum getur þú haft samband í gegnum netfangið personuvernd@fsu.is.

Ef þú telur þig ekki fá úrlausn þinna mála hjá tengilið getur þú beint kvörtun til Persónuverndar (vefsíða: www.personuvernd.is). Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.

Breytingar

Persónuverndaryfirlýsing þessi var samþykkt þann 8. ágúst 2025. Hún var unnin af persónuverndarfulltrúa FSu og samþykkt af skólameistara FSu.

Persónuverndarstefna FSu er í stöðugri skoðun og því kann þessari persónuverndaryfirlýsingu að verða breytt. Skólinn birtir allar slíkar breytingar á heimasíðu FSu.

Með sama hætti er mikilvægt að upplýsingar um þig séu ávallt sem réttastar. Því biður skólinn þig góðfúslega að láta vita ef tengiliðaupplýsingar þínar (t.d. símanúmer þitt eða netfang) eða aðrar upplýsingar breytast. Einnig er hægt að uppfæra þessar upplýsingar í INNU.